

Viðbótarumsögn frá Fjármálaeftirlitinu (06.05.2011)

Athugasemdir við 3. tölul. 30. gr. frumvarpsins:

Fjármálaeftirlitið dregur til baka athugasemdir sínar varðandi 30. gr. frumvarpsins, en bendir á að þörf er á að breyta orðalagi í 1. og 2. mgr. 39. gr. til samræmis við orðlag 3. tölul. 30. gr. og 3. tölul. 40. gr. frumvarpsins.

3. tölul. 30. gr. fjallar um heimildir verðbréfasjóðs til að fjárfesta í öðrum verðbréfasjóðum og sjóðum um sameiginlega fjárfestingu er uppfylla þau skilyrði sem fram koma í ákvæðinu. Um getur verið að ræða íslenska fjárfestingarsjóði og erlenda sjóði sem teljast ekki verðbréfasjóðir (UCITS) en uppfylla þó þau skilyrði sem fram koma í 3. tölul. 30. gr. Í 3. tölul. 40. gr. kemur fram að verðbréfasjóði er óheimilt að eignast meira en 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Til að gæta samræmis þá telur Fjármálaeftirlitið ekki rétt að fram komi í 1. mgr. 39. gr. að verðbréfasjóðum sé heimilt að fjárfesta í öðrum verðbréfasjóðum og *fjárfestingarsjóðum*, heldur væri rétt að fram komi að verðbréfasjóðum sé heimilt að fjárfesta í öðrum verðbréfasjóðum og *öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu er uppfylla ákvæði 3. tl. 30. gr.* Jafnframt telur Fjármálaeftirlitið að þörf sé á að breyta orðalagi í 2. mgr. 39. gr. þannig að í stað „*fjárfestingarsjóða*“ standi „*annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu*“.

Athugasemdir við 39. gr. frumvarpsins:

Efni nýrrar málsgreinar við 39. gr. frumvarpsins felur í sér nýmæli. Að hámarkseign verðbréfasjóðs í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða innan sama rekstrarfélags verði takmörkuð við 50% hið mesta. Rökin að baki þessari breytingu eru að tryggja meiri áhættudreifingu með því að takmarka fjárfestingar innan sama rekstrarfélags. Reynslan hefur sýnt að sjóðasjóðir rekstrarfélaga höfðu í mörgum tilvikum fjárfest meginhluta eigna sjóðanna í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða innan sama rekstrarfélags og eru jafnvel dæmi um að sjóðasjóðir hafi fjárfest allt að 80% eigna sinna í sjóðum sama rekstrarfélags. Verður að telja að með slíkum fjárfestingum geti sú hættuástand skapast að áhættudreifing verði ekki nægileg sem getur leitt til þess að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa geti ekki talist hafðir í fyrirrúmi. Markmið þessa ákvæðis er að draga úr hagsmunaárekstrum og hámarka áhættudreifingu og tryggja þannig að leitað sé að bestu ávöxtuninni en ekki fjárfest sjálfkrafa í sjóðum innan sama rekstrarfélags.

Í ljósi umfjöllunar hér framan um samræmingu á orðalagi vill Fjármálaeftirlitið nú koma á framfæri leiðréttingu á orðalagi tillögunnar. Í stað þess að talað sé um fjárfestingarsjóði verði talað um aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Ákvæðið gæti þá orðast sem hér segir:

„Verðbréfasjóði eða einstakri deild hans er óheimilt að fjárfesta meira en 50% af eign sinni í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu innan sama rekstrarfélags.“

Athugasemdir við IV. kafla, fagfjárfestasjóður:

Í IV. kafla frumvarps til nýrra laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði er kveðið á um að heimilt sé að stofna fagfjárfestasjóði. Ekki kemur fram á hvaða formi þeir skuli vera. Í athugasemdum við frumvarpið segir að nokkuð misjafnt sé hvernig málefnum fagfjárfestasjóða sé háttað í öðrum ríkjum og í ríkjum Evrópusambandsins hafi fagfjárfestasjóðir almennt ekki sérstaka stjórn.

Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að kveða á með skýrum hætti í IV. kafla frumvarpsins á hvaða formi skuli reka fagfjárfestasjóði. Og þar verður, að mati Fjármálaeftirlitsins, að gera greinarmun á sjóðum í rekstri rekstrarfélaga annars vegar og sjóðum í rekstri annarra hins vegar.

1. Sjóðir í rekstri rekstrarfélaga

Fyrir setningu laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, var heimilt að stofna verðbréfasjóði sem hlutafélag eða í öðru félagsformi. Verðbréfasjóður þurfti að fá starfsleyfi frá viðskiptaráðherra. Verðbréfasjóður var rekinn af rekstrarfélagi sem hafði hlotið viðurkenningu bankaeftirlitsins. Í lögum var ekki að finna nein ákvæði um aðrar tegundir sjóða og því giltu almenn ákvæði hlutafélagalaga um slíka sjóði. Þeir sóttu ekki um starfsleyfi og lutu ekki eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Með tilkomu laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, var rekstrarformi verðbréfasjóða breytt. Nú eru rekstrarfélög verðbréfasjóða fjármála fyrirtæki sem þurfa starfsleyfi sem slík. Verðbréfasjóðir eru stofnaðir og reknir af rekstrarfélagi í stað þess að vera sjálfstæðir lögaðilar. Sjóðirnir eru því reknir sem hluti af rekstrarfélaginu. Til að tryggja aðgreiningu milli sjóðanna hafa sjóðirnir verið skráðir hjá fyrirtækjaskrá og fengið úthlutaða kennitölu sem sjóður/deild innan fjármála fyrirtækis. Ennfremur hafa verið settar sérstakar reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða, nr. 97/2004, ásamt síðari breytingum, til að tryggja aðgreiningu sjóðanna innbyrðis og frá rekstrarfélaginu sjálfu. Í B-hluta reglnanna er sérstaklega kveðið á um hvernig ársreikningur hvers verðbréfasjóðs skuli gerður. Fjárfestingarsjóðir í rekstri rekstrarfélaga, sem falla undir A. lið III. kafla laganna (fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutdeildarskírteini) eru reknir með sama sniði. Rekstrarfélög verðbréfasjóða hafa einni rekið fagfjárfestasjóði sína með sama hætti.

Það er álit Fjármálaeftirlitsins að rekstrarfélög verðbréfasjóða geti rekið fagfjárfestasjóði með sama hætti og aðra sjóði í þeirra rekstri, enda er aðgreining sjóða í þeirra rekstri tryggð, m.a. með sértökum reglum um reikningsskil félaganna.

2. Sjóðir í rekstri annarra

Ef um er að ræða fagfjárfestasjóði í rekstri annarra þá er varhugavert að heimila þeim að reka slíka sjóði með sömu formerkjum og rekstrarfélög, þ.e. stofna félag og stofna síðan fagfjárfestasjóði sem reknir eru af félaginu og eru ekki sjálfstæðir lögaðilar, þar sem aðgreining sjóða í slíkum rekstri er ekki tryggð eins og í tilviki rekstrarfélaga. Með sömu rökum er varhugavert að heimila sömu aðilum að reka fagfjárfestasjóði undir einstaklingskennitölu.

Með hliðjón af þeim rökum sem fram koma í lið 1 og 2 hér að framan telur Fjármálaeftirlitið mikilvægt að kveðið sé á um það form sem fagfjárfestasjóður getur starfað í, enda geta fleiri aðilar en rekstrarfélög verðbréfasjóða rekið fagfjárfestasjóði. Fjármálaeftirlitið telur rétt að fagfjárfestasjóðir í rekstri annarra verði reknir sem hlutafélag eða í einhverju öðru félagiformi.

3. Hlutfélagasjóðir í frumvarpinu

Varðandi þá athugasemd ráðuneytisins um að yfir höfuð sé ekki gert ráð fyrir hlutfélagasjóðum í frumvarpinu þá telur Fjármálaeftirlitið athugasemdina vera byggða á misskilningi. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að lagt er til að felldur verði brott IV. kafli um hlutfélagasjóði en umræddur kafli tók til fjárfestingarsjóða sem gefa út hlutabréf. Mikilvægt er að allir fjárfestingarsjóðir búi við sambærilegt lagaumhverfi en ein veigamestu rökin fyrir því að kaflinn var felldur brott eru þau að ákvæði kaflans voru í engu samræmi við önnur ákvæði sem gilda um fjárfestingarsjóði, sem gefa út hlutdeildarskírteini, og tryggðu þar með hlutdeildarskírteinishöfum þessara sjóða ekki sambærilega vernd og hlutdeildarskírteinishafar annarra fjárfestingarsjóða og verðbréfasjóða njóta. Tilgangurinn með að fjarlægja IV. kafla laganna var því ekki sá að útiloka hlutfélagasjóðaformið sem slíkt. Verður því ekki annað séð en að slíkt form geti vel átt við fagfjárfestasjóði enda njóta þeir sem fjárfesta í slíkum sjóðum ekki sömu verndar og hlutdeildarskírteinishafar í verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum.

4. Hæfi framkvæmdastjóra og sjóðstjóra fagfjárfestasjóða

Fjármálaeftirlitið telur að umfjöllun þess um hæfi framkvæmdastjóra og sjóðstjóra í umsögn til viðskiptanefndar Alþingis þarfnist ekki frekari skýringar.